



Kaupfélag Skagfirðinga

SAUDÁRKRÓKI • STOFNAÐ 23. APRÍL 1889

ÁRSSKÝRSLA 2020

TIL AÐALFUNDAR 27. MARS 2021

EFNISYFIRLIT

Dagskrá	2
Inngangsorð kaupfélagsstjóra	3
Ársreikningur	5
Félagsmannatal	35
Stjórnir og nefndir	36
Afurðastöðvar	37

Aðalfundur Kaupfélags Skagfirðinga

fimmtudaginn 24. júní 2021

DAGSKRÁ

1. Fundarsetning.
2. Kjör starfsmanna fundarins.
3. Athugun kjörbréfa.
4. Minning látinna félaga.
5. Skýrsla stjórnarformanns.
6. Skýrsla kaupfélagsstjóra og reikningar félagsins.
7. Umsögn skoðunarmanna.
8. Tillögur frá deildum og fulltrúum.
9. Tillögur stjórnar.
10. Ákvörðun um laun stjórnar og skoðunarmanna.
11. Önnur mál.
12. Kosningar:
 - a) **Tveir menn í aðalstjórn til þriggja ára í stað:**
Guðrúnar Sighvatsdóttur og Þorleifs Hólmsteinssonar
 - b) **Þrír menn í varastjórn til eins árs í stað:**
Viggós Jónssonar, Hjartar Geirmundssonar og Gunnars Gestssonar
 - c) **Fulltrúar á aðalfund Sambands Ísl. Samvinnufélaga.**
 - d) **Einn aðalskoðunarmaður til tveggja ára í stað:**
Snorra Evertssonar
 - e) **Tveir varaskoðunarmenn til eins árs í stað:**
Sveins Sigfússonar og Vésteins Vésteinssonar
 - f) **Kosning endurskoðunarfélags.**
 - g) **Einn maður í stjórn Menningarsjóðs KS til þriggja ára í stað:**
Efemíu G. Björnsdóttur
 - h) **Einn varamaður í stjórn Menningarsjóðs KS til tveggja ára í stað:**
Döllu Þórðardóttur
 - i) **Einn maður í Sláturhúsráð KS til þriggja ára í stað:**
Þórarins Leifssonar
 - j) **Tveir varamenn í Sláturhúsráð KS til eins árs í stað:**
Drífu Árnadóttur og Jóhanns Más Jóhannssonar

INNGANGSORÐ KAUPFÉLAGSSTJÓRA

EFNAHAGSLEG STAÐA KAUPFÉLAGS SKAGFIRÐINGA ER MJÖG STERK OG FÉLAGIÐ ÞVÍ VEL Í STAKK BÚIÐ AÐ TAKAST Á VIÐ STÓR VERKEFNI ÞEGAR ÁHUGAVERÐ TÆKIFÆRI GEFAST.

Árið 2020 var um flest óvenjulegt. COVID-19 setti samfélagið úr skorðum strax á fyrstu mánuðum ársins. Ferðaþjónusta dróst hratt saman, bæði hvað varðaði komu ferðamanna til landsins og Íslendingar hættu að mestu að ferðast erlendis vegna pestarinnar. Það brast á mikið atvinnuleysi, en stjórnvöld stigu strax inn með aðstoð við atvinnufyrirtæki og einstaklinga er urðu sérstaklega fyrir barðinu á áhrifum COVID-19 og þeim ráðstöfunum er þessum vágesti fylgdi.

Að sjálfsögðu hafði COVID-19 og ráðstafanir þeim faraldri tengdum mikil áhrif á starfsemi KS-samstæðunnar á árinu 2020. Í því sambandi má nefna: Markaðir fyrir sjávarafurðir þrændust fljótt og verð lækkuðu verulega, sala hjá okkur í kjötvinnslustöð dróst verulega saman þegar veitingastarfsemi lenti í lokunum og vöruflutningar minnkuðu. Meginmarkmið stjórnenda margra fyrirtækja var að reyna að laga reksturinn hratt að breyttu umhverfi. Varast ber að vöriburgðir framleiðslueininga taki að hrúgast upp, betra er að draga tímabundið úr framleiðslu þar sem því verður við komið.

Heildartekjur voru um 41 milljarður sem er hækkun um 3% frá fyrra ári. Laun og launatengd gjöld



hækka óverulega milli ára og er um 10 milljarðar. Stærð efnahagsreiknings er um 71 milljarður og er það sama tala og 2019.

Miðað við allar aðstæður má segja að rekstur samstæðunnar hafi gengið mjög vel. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði er um 6,6 milljarðar. Veltufé frá rekstri er um 6,2 milljarðar og eigið fé við árslok 43 milljarðar. Nettó fjárfesting á árinu var um 3 milljarðar, samanborið við 6 milljarða 2019. Uppsafnaður hagnaður af rekstri síðustu þriggja ára er um 13 milljarðar króna.

Efnahagsleg staða Kaupfélags Skagfirðinga er mjög sterk og félagið því vel í stakk búíð að takast á við stór verkefni þegar áhugaverð tækifæri gefast.

Þar sem fyrirtækið er nokkuð stórt og blandað matvælafyrirtæki á íslenskan mælikvarða og vegna erfiðleika fjölda fólks er misst hafði vinnu sína af völdum “COVID-19” ákvað stjórn félagsins að koma fólki í neyð til aðstoðar með því að útvega þeim, er svo var ástatt fyrir, matvæli. Frá hausti og til áramóta voru þetta um 90 þúsund máltíðir sem félagið lét hjálparstofnunum í té. Á þessu hefur orðið framhald eftir áramót. Stjórn KS telur



Ljósmynd: Óli Arnar Brynjásson

mikilvægt að sýna samfélagslega ábyrgð við aðstæður sem þessar.

Framundan eru krefjandi verkefni. FISK-Seafood er að huga að stækkun húsnæðis fyrir landvinnslu sína á Sauðárkróki, jafnframt því sem fyrirtækið er að meta valkosti varðandi endurnýjun á eldri togurum. Tæknivæða þarf sauðfjársláturhúsið og huga að frekari markaðssetningu innanlands og erlendis. Umhverfisáttak á öllum vinnustöðum er nauðsyn og sumt er þar komið vel á stað. Verið er að bæta tækjakost kjötvinnslu KS. Tafir af völdum COVID-19 og fleiri ástæður hafa valdið því að dregist hefur að ljúka uppsetningu á búnaði til spíraframleiðslu en vonandi kemst hún í gagnið í haust.

Kaupfélag Skagfirðinga færir sérstakar þakkir til starfsfólks fyrir árið 2020. COVID-19 og sótt-

varnaráðstafanir því tengdar gerðu það að verkum að starfsfólk við framleiðslu og við afgreiðslu þurfti að bera andlitsgrímur og lúta ströngum sóttvarnareglum. Allt gekk þetta framur vonum og ekki komu upp smit á vinnustöðum fyrirtækisins. Miðað við aðstæður eru stjórnendur sáttir við rekstur ársins og þakka það ekki síst samstöðu starfsmanna við krefjandi aðstæður.

Kaupfélag Skagfirðinga óskar íbúum Skagafjarðar svo og landsmönnum öllum gleðilegs sumars með ósk um velferð og velgengni um ókomna tíð.

Skagafirði í mars 2021

Þórir H. Jónsson
kaupfélagsstjóri



Kaupfélag Skagfirðinga
Samstæða
Ársreikningur 2020

Kaupfélag Skagfirðinga
Ártorgi 1
550 Sauðárkrókur
kt. 680169-5009

EFNISYFIRLIT

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og kaupfélagsstjóra	7
Áritun félagskjörinna skoðunarmanna	9
Áritun óháðs endurskoðanda	10
Rekstrarreikningur	12
Efnahagsreikningur	13
Eiginfjárfirlit	14
Sjóðstreymisyfirlit	15
Skýringar	16
Óendurskoðuð fylgiskjöl:	
Stjórnarháttayfirlýsing	24
Ófjárhagsleg upplýsingagjöf	26

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og kaupfélagsstjóra

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Kaupfélags Skagfirðinga og dótturfélaga. Í árslok voru dótturfélögin 21 og eru þau öll innifalin í samstæðunni. Tvö dótturfélög í samstæðu Kaupfélags Skagfirðinga mynda sjálf samstæðu með dótturfélögum sínum og er gerð grein fyrir þeim félögum í skýringu um dótturfélög.

Rekstur ársins 2020

Rekstur Kaupfélags Skagfirðinga var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Helstu rekstrareiningar eru mjólkurafurðastöð, kjötafurðastöð, bifreiðaverkstæði, vélaverkstæði, dagvöruverslun og byggingavöruverslun sem er einnig rekstrarvöruverslun fyrir bændur.

FISK Seafood ehf. rekur útgerðar- og fiskvinnslustarfsemi samstæðunnar. Félagið er með fiskvinnslu og útgerð á Sauðárkróki og í Grundarfirði auk þess að starfrækja bleikjueldi á Hólum í Hjaltadal og í Þorlákshöfn.

Fóðurblandan hf. í Reykjavík, ásamt dótturfélagi sínu Bústólpa ehf. á Akureyri, hefur með höndum starfsemi samstæðunnar á sviði korninnflutnings, framleiðslu kjarnfóðurs til hefðbundins búskapar, framleiðslu alifugla- og fiskafóðurs auk þess að flytja inn og selja tilbúinn áburð og rekstrarvörur til bænda og annarra viðskiptavina.

Önnur félög í samstæðu Kaupfélags Skagfirðinga höfðu með höndum nokkuð fjölbreyttan rekstur á síðasta ári. Þar má telja; slátrun, kjötvinnslu, flutningastarfsemi, rafmagnsverkstæði, loðdýrafóðurframleiðslu, sölu á mjólkurafurðum, köldum sósum og ídýfum, steinullarframleiðslu, eignarhalds- og fjárfestingastarfsemi, rannsóknar- og þróunarstarf, innréttingasmíði, hönnun og prentun.

Í stjórn félagsins sitja fjórir karlar og þrjár konur og uppfyllir félagið því ákvæði laga um kynjahlutföll stjórnar. Ársverk hjá kaupfélaginu voru 195 og í lok rekstrarárs störfuðu 222 starfsmenn í 174 stöðugildum, 77 konur og 145 karlar.

Hagnaður varð af rekstri samstæðunnar á árinu 2020 sem nam 3.017 milljónum kr. Eigið fé samstæðunnar, ásamt hlutdeild minnihluta, í lok ársins 2020 nam 43.174 milljónum kr. Í árslok áttu 1.431 félagsmenn innstæður í stofnsjóði sem námu 191 milljónum kr., sem er sami fjöldi og í ársbyrjun.

Óvissuþættir og ytra umhverfi

Covid-19 hafði nokkur áhrif á rekstur og starfsemi samstæðunnar á árinu. Samdráttar á tekjum gætti á fyrri hluta ársins en jafnvægi komst á seinni hluta ársins. Ýmis kostnaðaraukandi áhrif voru vegna íþyngjandi sóttvarna- og umgengnisreglna sem var mætt með auknu aðhaldi. Umgengnisreglur snerust um að tryggja rekstrarhæfi fyrirtækisins kæmi til sýkinga á meðal starfsmanna. Umgengni var skert bæði á meðal starfsmanna og tekið var fyrir heimsóknir utanaðkomandi eftir fremsta megni. Almennar sóttvarnir voru auknar á öllum starfsstöðum.

Helstu áhættur í starfsemi samstæðunnar felast í efnahagsumhverfinu á hverjum tíma. Starfsemi félagsins er að mestu leyti í landbúnaði og sjávarútvegi og um þá starfsemi er sérstök löggjöf. Staða á erlendum mörkuðum getur haft mikil áhrif og þá hafa flutningsleiðir raskast í tengslum við þróun á faraldrinum. Stjórnendur greina fjárhagslegar áhættur í rekstrinum m.a. með tilliti til stöðu markaða, gjaldmiðla, lausafjárstöðu og útlána. Samstæðan mætir helstu áhættum með því að halda sterki eiginfjárstöðu og tryggja aðgengi að lánsfjármagni.

Stjórnarhættir

Í júní 2020 voru gerðar breytingar á ársreikningalögum sem fólu m.a. í sér að Kaupfélagin Skagfirðinga ber að birta yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í skýrslu stjórnar. Kaupfélagi Skagfirðinga hefur fram til þessa leitast við að fylgja góðum stjórnarháttum sem eru í samræmi við samþykktir, lög og reglur og leiðbeiningar þar um. Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti er að finna í kaflanum Stjórnarháttayfirlýsing sem fylgir ársreikningnum.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í kaflanum Ófjárhagsleg upplýsingagjöf sem fylgir ársreikningnum má finna upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags-, og starfsmannamál.

Skýrsla og áritun stjórnar og kaupfélagsstjóra, frh.

Yfirlýsing stjórnar og kaupfélagsstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur samstæðunnar í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar að samstæðureikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2020 og rekstrarafkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2020. Jafnframt er það álit stjórnar og kaupfélagsstjóra að ársreikningurinn gefi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar og stöðu hennar, og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við. Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og kaupfélagsstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Þessi áritun nær til þess sem hér er sagt og afmarkast við það.

Stjórn og kaupfélagsstjóri Kaupfélags Skagfirðinga hafa í dag rætt ársreikning samstæðunar fyrir árið 2020 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og kaupfélagsstjóri leggja til við aðalfund að samþykkja reikninginn.

Sauðárkróki, 24. mars 2021

Stjórn:

Bjarni Maronsson
Herdís Á. Sæmundardóttir
Örn Þórarinsson
Guðrún Sighvatsdóttir
Pétur Pétursson
Sigríður Gunnarsdóttir
Þorleifur Hólmsteinsson

Kaupfélagsstjóri:

Þórólfur Gíslason

Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Til stjórnar og aðalfundarfulltrúa Kaupfélags Skagfirðinga.

Við undirritaðir, félagskjörnir skoðunarmenn ársreikninga Kaupfélags Skagfirðinga, höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2020 og teljum að hann sé í samræmi við ákvæði laga, samþykktir félagsins og fundarsamþykktir stjórnar og leggjum því til að hann verði samþykktur.

Sauðárkróki, 24. mars 2021

Gestur Þorsteinsson
Snorri Evertsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og aðalfundarfulltrúa Kaupfélags Skagfirðinga.

Áritun um endurskoðun samstæðuársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Kaupfélags Skagfirðinga („samstæðan“) fyrir árið 2020. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2020 og afkomu samstæðunar og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og kaupfélagsstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og kaupfélagsstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og kaupfélagsstjóra að leggja mat á rekstarhæfi samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningssskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og kaupfélagsstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Metum við hvort reikningssskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda frh.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og kaupfélagsstjóra á forsendu reikningskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum samstæðuársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 24. mars 2021

KPMG ehf.

Ólafur Már Ólafsson

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur:			
Seldar vörur og þjónusta		39.189.952	37.754.103
Aðrar tekjur		1.799.200	1.959.155
		<u>40.989.152</u>	<u>39.713.258</u>
Rekstrargjöld:			
Kostnaðarverð seldra vara		19.543.539	19.648.425
Laun og launatengd gjöld	3	10.044.488	10.021.316
Annar rekstrarkostnaður		4.800.724	3.233.299
		<u>34.388.752</u>	<u>32.903.040</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir		6.600.400	6.810.218
Afskriftir	4	(2.139.055)	(1.974.822)
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		4.461.346	4.835.395
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:			
Hagnaður af eignarhlutum í félögum	5	1.029.313	1.883.346
Vaxtatekjur		191.850	291.157
Vaxtagjöld		(1.059.180)	(1.192.831)
Gengismunur gjaldmiðla	1b	(751.484)	(102.072)
		<u>(589.501)</u>	<u>879.600</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		3.871.844	5.714.995
Tekjuskattur	6	(737.150)	(758.100)
Hagnaður eftir skatta		3.134.694	4.956.895
Hlutdeild minnihluta		(117.937)	(104.038)
Hagnaður ársins		<u>3.016.757</u>	<u>4.852.857</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	2020	2019
Eignir:			
Veiðiheimildir og aðrar óefnislegar eignir	7	20.428.360	19.447.280
Fasteignir	8	9.082.266	9.188.334
Skip	8	3.835.966	4.139.272
Aðrir rekstrarfjármunir	8	5.386.088	4.762.408
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	12	12.162.442	10.611.871
Eignarhlutir í öðrum félögum	13	4.809.598	4.678.840
Langtímakröfur	14	946.576	1.175.149
Skatteign		106.165	87.306
Fastafjármunir samtals		56.757.462	54.090.460
Birgðir	1j	5.542.591	4.885.438
Viðskiptakröfur	1k	6.429.244	6.336.620
Aðrar skammtímakröfur		902.161	1.746.295
Næsta árs afborgun langtímakrafna	14	332.020	257.163
Handbært fé	1l	1.062.589	2.695.504
Veltufjármunir samtals		14.268.605	15.921.020
Eignir samtals		71.026.066	70.011.480
Eigið fé:			
Stofnsjóðir og bundið eigið fé		391.374	403.813
Endurmatsreikningur		624.066	652.645
Bundinn hlutdeildarreikningur		13.094.277	9.769.683
Annað eigið fé		27.755.431	28.050.803
Eigið fé samtals	15	41.865.148	38.876.944
Hlutdeild minnihluta í eigin fé		1.308.542	1.030.614
Eigið fé og hlutdeild minnihluta samtals		43.173.690	39.907.558
Skuldir:			
Tekjuskattsskuldbinding	16	2.647.787	2.588.469
Skuldir við lánastofnanir	17	5.712.085	12.134.918
Langtímaskuldir samtals		8.359.872	14.723.387
Skuld við lánastofnanir		6.694.844	9.885.922
Viðskiptaskuldir		2.361.888	2.315.187
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	17	8.151.537	969.016
Tekjuskattur til greiðslu	16	686.492	650.774
Aðrar skammtímaskuldir		1.597.743	1.559.638
Skammtímaskuldir samtals		19.492.504	15.380.536
Skuldir samtals		27.852.376	30.103.922
Eigið fé, hlutdeild minnihluta og skuldir samtals		71.026.066	70.011.480

Eiginfjáryfirlit 2020

	Stofnsjóðir og bundið fé	Endurmats- reikningur	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Annað eigið fé	Samtals
Árið 2020					
Eigið fé 1.1. 2020	403.813	652.645	9.769.683	28.050.803	38.876.944
Framlag í Menningarsjóð	0			0	0
Úthlutun úr Menningarsjóði	(19.450)				(19.450)
Breyting stofnsjóðs án vaxta	(7.049)				(7.049)
Upplausn endurmats		(28.579)		28.579	0
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага færð á eigið fé			3.324.594	(3.324.594)	0
Hagnaður ársins				3.016.757	3.016.757
Endurmat eigin fjár og vextir	14.060			(16.115)	(2.055)
Eigið fé 31.12.2020	391.374	624.066	13.094.277	27.755.431	41.865.148
Árið 2019					
Eigið fé 1.1. 2019	389.918	674.168	5.579.112	27.409.610	34.052.809
Framlag í Menningarsjóð	25.000			(25.000)	0
Úthlutun úr Menningarsjóði	(25.300)				(25.300)
Breyting stofnsjóðs án vaxta	4.895			(10.530)	(5.635)
Upplausn endurmats		(21.523)		21.523	0
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага færð á eigið fé			4.190.571	(4.190.571)	0
Hagnaður ársins				4.852.856	4.852.856
Endurmat eigin fjár og vextir	9.299			(7.084)	2.214
Eigið fé 31.12.2019	403.813	652.645	9.769.683	28.050.803	38.876.944

Sjóðstreymisýfirlit árið 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins	15	3.016.757	4.852.857
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður eigna	(147.929)	(26.355)
Afskriftir	4	2.139.055	1.974.822
Hagnaður af eignarhlutum í félögum	5	(1.029.313)	(1.883.346)
Verðbætur og gengismunur eigna og skulda		1.369.075	301.452
Tekjuskattur		737.150	758.100
Hlutdeild minnihluta		117.937	104.038
Veltufé frá rekstri		6.202.732	6.081.569
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, hækkun	(787.850)	(506.249)
Skammtímakröfur, lækkun		881.630	1.065.867
Skammtímaskuldir, lækkun	(543.189)	(927.055)
	(449.409)	(367.438)
Handbært fé frá rekstri		5.753.323	5.714.131
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	8	(2.092.259)	(3.050.096)
Fjárfesting í aflaheimildum	7	(173.186)	(4.847.310)
Seldar eignir		404.123	357.533
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum að frádregnu yfirteknu handbæru fé	(1.517.362)	(5.511.874)
Fenginn arður frá öðrum félögum		277.350	180.980
Söluverð seldra eignarhluta í félögum		143.500	7.584.919
Skammtímakröfur, breyting		419.434	(336.579)
Fjárfestingarhreyfingar	(2.538.400)	(5.622.427)
Fjármögnunarhreyfingar:			
Greiddur arður	(92.500)	(60.000)
Útborgað eigið fé	(28.558)	(30.709)
Tekin ný langtímalán		3.335.263	132.419
Afborganir langtímalána	(4.665.246)	(965.215)
Breyting skammtímalána	(3.396.798)	2.675.612
Fjármögnunarhreyfingar	(4.847.839)	1.752.107
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(1.632.916)	1.843.811
Handbært fé í ársbyrjun		2.695.504	851.694
Handbært fé í lok ársins		1.062.589	2.695.504
Fjárfestingar - og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa:			
Fjárfesting í eignarhluta í öðrum félögum		0	(5.419.873)
Kröfur á tengd félög, breyting		0	5.419.873

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Kaupfélags Skagfirðinga hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er í heild sem "samstæðunnar". Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald samstæðureikninga. Samstæðuársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Samstæðuársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum.

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yferráð. Yferráð eru til staðar þegar félagið hefur völd, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags í þeim tilgangi að hagnast á starfi þess. Ársreikningar dótturfélaga eru innifaldir í samstæðureikningi félagsins frá því yferráð nást og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli félaganna er felldur út í samstæðureikningnum.

Hlutdeildarfélag eru þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yferráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar samstæðan ræður yfir 20-50% atkvæðisréttar. Samstæðureikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélag frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélagins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekari taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

b. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2020. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

c. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda og krafa hefur myndast. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan hefur verið innt af hendi eða í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörstegi.

d. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttayfirlit sýnir skiptingu rekstrartekna eftir starfsþáttum. Starfsþáttayfirlit sýnir þrjár meginstöðir félagsins, þar á meðal skiptingu rekstrartekna eftir starfsþáttum.

e. Óefnislegar eignir

Aflaheimildir eru færðar til eignar í efnahagsreikningi, á kostnaðarverði, sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma og eru þær metnar árlega með því að bera bókfært verð saman við gangvirði aflaheimilda. Yfirverð eignarhluta er fjárhæð sem myndast við kaup á dótturfélögum. Yfirverðið er fært á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Yfirverð er gjaldfært í rekstrarreikningi á tíu árum.

f. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

(ii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	7-50 ár
Skip	7-17 ár
Vélar, áhöld og flutningatæki	3-25 ár

g. Hlutdeildarfélag

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum eru eignfærðir á verði sem svarar til hlutdeildar í bókfærðu eigin fé þeirra að viðbættu óafskrifðu yfirverði við kaup.

Skýringar frh.

h. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru eignarhlutir þar sem eignarhaldið er minna en 20%. Eignarhlutir í skráðum félögum eru færðir á markaðsverði en eignarhlutir í óskráðum félögum eru færðir á kostnaðarverði eða áætluðu matsverði sé það lægra. Arður og matsbreytingar eru færð meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

i. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar á kostnaðarverði eða markaðsverði, hvort sem lægra reynist. Langtímakröfur eru færðar niður ef markaðsverð krafna er lægra en bókfært verð, svo sem vegna hættu á að kröfur muni ekki innheimtast eða af öðrum ástæðum. Niðurfærslur eru færðar í rekstrarreikning.

j. Birgðir

Vörubirgðir verslana, sjávarafurðir, hráefni og rekstrarvörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist.

Vörubirgðir mjólkurafurðastöðvar, kjötafurðastöðvar og framleiðsludeilda eru metnar á framleiðsluverði, sem samanstendur af beinum framleiðslukostnaði og hlutdeild í óbeinum kostnaði.

k. Viðskiptakröfur og skuldabréf

Viðskiptakröfur og skuldabréf eru eignfærð á nafnverði. Viðskiptakröfur og skuldabréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

l. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

m. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding félagsins er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrr í skattuppgjöri en í ársreikningi. Reiknuð skatteign vegna yfirfæranlegs skattalegs taps er færð til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingu af efnahagsliðum.

Tekjuskattur á afkomu ársins innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður skattur ársins miðað við gildandi skatthlutföll.

2. Starfspáttayfirlit

a. Tekjur samstæðunnar greinist þannig eftir starfspáttum á árinu 2020, í millj. kr.:

	Kaupfélag	Utgerð og fiskvinnsla	Fóður og áburðasala	Önnur félög	Samtals
Rekstrartekjur	14.814	11.653	7.179	11.622	45.268
Tekjur milli starfspátta	(1.383)	(44)	(444)	(2.408)	(4.279)
Rekstrartekjur starfspátta	13.431	11.609	6.735	9.214	40.989
Rekstrargjöld					(34.389)
Afskriftir					(2.139)
Rekstrarhagnaður					4.461

b. Tekjur samstæðunnar greinist þannig eftir starfspáttum á árinu 2019, í millj. kr.:

Rekstrartekjur	13.449	13.012	6.453	11.239	44.153
Tekjur milli starfspátta	(1.835)	(66)	(426)	(2.113)	(4.440)
Rekstrartekjur starfspátta	11.614	12.946	6.027	9.126	39.713
Rekstrargjöld					(32.903)
Afskriftir					(1.975)
Rekstrarhagnaður					4.835

Skýringar frh.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2020	2019
Laun	8.041.807	7.961.763
Mótframlag í lífeyrissjóði	983.263	1.006.536
Launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	1.019.418	1.053.017
Laun og launatengd gjöld samtals	10.044.488	10.021.316
Meðalfjöldi starfsmanna	970	922
Stöðugildi í árslok	881	828

Laun og þóknarir til stjórnna og framkvæmdastjóra samstæðufyrirtækjanna námu 241 millj. kr. á árinu 2020, samanborið við 248 millj. kr. árið áður.

4. Afskriftir

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:	2020	2019
Afskriftir rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 8	1.827.173	1.750.270
Afskrifað yfirverð sbr. skýringu 7	311.882	224.553
Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi samtals	2.139.055	1.974.823

5. Afkoma af eignarhlutum í félögum

Tekjur af eignarhlutum í félögum greinast þannig:	2020	2019
Tekjur af hlutdeildarfélögum sbr. skýringu 12	277.582	453.978
Tekjur af öðrum félögum sbr. skýringu 13	751.731	1.429.368
Tekjur af eignarhlutum í félögum samtals	1.029.313	1.883.346

6. Tekjuskattur

Virkt skatthlutfall greinist þannig:		2020		2019
Hagnaður fyrir skatta		3.871.844		5.714.995
Tekjuskattur miðað við				
gildandi skatthlutfall	20,0%	774.369	20,0%	1.142.999
Óskattskyldar tekjur	-10,8% (416.364)	-5,9% (337.719)
Annað	9,79%	379.145	-0,83% (47.180)
Virkur tekjuskattur	19,0%	737.150	13,3%	758.100

7. Aflaheimildir og aðrar óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir og afskriftir greinast þannig:	Aflaheimildir	Aðrar óefnislegar eignir	Samtals
Bókfært verð í upphafi árs	17.742.883	1.704.397	19.447.280
Viðbót og fært út á árinu	173.186	1.119.776	1.292.962
Afskrifað yfirverð	0	(311.882)	(311.882)
Bókfært verð í árslok	17.916.069	2.512.291	20.428.360

Skýringar frh.

7. Aflaheimildir og aðrar óefnislegar eignir, frh.;

Aflaheimildir samstæðunnar greinast þannig í tonnum eftir tegundum:

	Úthlutaðar aflaheimildir í þorskígildum tonn	Óveitt 31.12.2020 tonn
Þorskur	11.625	5.946
Norðuríshafsporskur	935	935
Ýsa	2.474	1.128
Ufsi	4.481	3.617
Karfi	3.695	2.690
Langa	50	47
Blálanga	15	17
Grálúða	1.067	3
Skarkoli	877	825
Steinbitur	397	185
Úthafsrækja	621	706
Aðrar fisktegundir	575	643
	<u>26.812</u>	<u>16.742</u>
Aflaheimildir í þorskígildum	24.744	14.271

Aflaheimildir félagsins, sem keyptar hafa verið sérstaklega, eru eignfærðar undir eignaflokknum óefnislegar eignir í efnahagsreikningi. Úthlutun aflaheimilda í íslenskrri fiskveiðilögsögu fer fram árlega og byggir á ákvæðum laga um stjórn fiskveiða. Norðuríshafsporski og úthafskarfa er úthlutað miðað við almanaksárið og miðast úthlutun þeirra hér að framan við 1.1.2021. Sjávarútvegsráðherra ákveður með reglugerð þann heildarafla sem veiða má úr þeim einstöku nytjastofnum sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á.

8. Rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Skip	Aðrir rekstrar- fjármunir	Samtals
Stofnverð 1.1.2020	16.438.584	6.843.576	13.207.110	36.489.270
Afskriftir 1.1.2020	(7.250.250)	(2.704.304)	(8.444.702)	(18.399.256)
Samtals 1.1.2020	<u>9.188.334</u>	<u>4.139.272</u>	<u>4.762.408</u>	<u>18.090.014</u>
Fjárfestingar ársins	541.908	19.200	1.531.151	2.092.259
Yfirtekið og aðrar breytingar	(138.885)	(58.967)	147.072	(50.780)
Afskriftir á tímabilinu	(509.091)	(263.539)	(1.054.543)	(1.827.173)
Samtals fastafjármunir	<u>9.082.266</u>	<u>3.835.966</u>	<u>5.386.088</u>	<u>18.304.320</u>
Afskriftahlutföll	2-15%	6-15%	4-33%	
Stofnverð 31.12.2020	16.600.657	6.437.071	14.294.912	37.332.640
Afskriftir 31.12.2020	(7.518.391)	(2.601.105)	(8.908.824)	(19.028.320)
Samtals fastafjármunir	<u>9.082.266</u>	<u>3.835.966</u>	<u>5.386.088</u>	<u>18.304.320</u>

Skýringar frh.

9. Veðsetningar og ábyrgðir

- Fasteignir samstæðunnar að bókfærðu virði 5.588 millj. kr. eru veðsettar til tryggingar skuldum sem námu 4.466 millj. kr. í árslok.
- Áhöld, tæki og birgðir eru veðsett fyrir lánnum sem nema 654 millj. kr. Þar að auki eru eignahlutir í félögum veðsettir fyrir lánnum sem eru að eftirstöðvum fjárhæð 8.231 millj. kr. í árslok.
- Samstæðufyrirtækin hafa veitt viðskiptabanka sínum veð að fjárhæð 1.786 millj. kr., í fasteignum, vörubirgðum, almennum kröfum og hlutabréfaeign, með tryggingabréfum til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum við viðskiptabanka sinn.
- Samstæðan hefur veitt ábyrgðir fyrir viðskiptavini vegna lántöku og nemur ábyrgðin 441 millj. kr. í árslok 2020.

10. Fasteignamat og váttryggingaverðmæti

Matsfjárhæðir fasteigna greinast þannig:

	Fasteigna- og lóðamat	Váttryggingar- verðmæti	Bókfært verð
Verslunar-, skrifstofu- og þjónustuhúsnæði	949.621	2.974.508	592.735
Iðnaðarhúsnæði	7.817.584	17.531.081	5.845.247
Aðrar fasteignir og land	1.731.263	5.284.022	2.644.284
Samtals	10.498.468	25.789.611	9.082.266

11. Eignarhlutir í dótturfélögum

Félagið á eignarhluti í eftirtöldum dótturfélögum

		Eignarhluti
Brennigerði ehf.	Sauðárkrókur	100,0%
Esja Gæðafæði ehf.	Reykjavík	100,0%
FISK Seafood ehf.	Sauðárkrókur	100,0%
Fóðurblandan hf.	Reykjavík	79,0%
Fóðurfélagið ehf.	Sauðárkrókur	100,0%
Háaborg Fjárfestingar ehf.	Reykjavík	77,0%
Icecorpo ehf.	Sauðárkrókur	50,0%
Íslenskar sjávarafurðir ehf.	Sauðárkrókur	100,0%
Íslenskar mysuafurðir ehf.	Sauðárkrókur	50,0%
KS-IcePro ehf.	Sauðárkrókur	100,0%
Möðrufell ehf.	Akureyri	100,0%
M-Veitingar ehf.	Reykjavík	100,0%
Norðlensk orka ehf.	Sauðárkrókur	92,9%
Nýprent ehf.	Sauðárkrókur	100,0%
Sláturhús Hellu hf.	Hella	68,0%
Sláturhús KVH ehf.	Hvammstangi	50,0%
Steinull hf.	Sauðárkrókur	50,0%
Tengill ehf.	Sauðárkrókur	100,0%
Trésmiðjan Borg ehf.	Sauðárkrókur	100,0%
Vogabær ehf.	Sauðárkrókur	100,0%
Vörumiðlun ehf.	Sauðárkrókur	100,0%

Fisk-Seafood fjárfesting ehf. og Soffanías Cecilsson hf. eru bæði 100% dótturfélög Fisk Seafood ehf. Kornhlaðan ehf., Bústólpi ehf. og Höndlun ehf. eru öll 100% dótturfélög Fóðurböndunnar hf. Héraðsvötn ehf. er 100% dótturfélag Norðlenskrar orku ehf.

Skýringar frh.

12. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Samstæðan á eignarhluti í hlutdeildarfélögum sem bókfærðir eru miðað við hlutdeild í eigin fé þeirra í árslok ásamt óafskrifuðu yfirverði við kaup. Eignarhlutirnir greinast þannig:

	Eignarhluti	Nafnverð	Fært í rekstrar- reikning	Bókfært verð
Foss distillery ehf.	50,0%	6.500	0	120.000
Grænigarður ehf.	37,5%	2.231	(5.245)	0
Lundey fjárfestingafélag. ehf.	50,0%	1.200	0	303.614
Mjólkursamsalan ehf.	20,0%	1.726.763	0	1.726.763
Mótun ehf.	49,0%	9.800	0	(16.785)
ÍSKS ehf.	45,0%	130.500	0	129.538
ÍSKS-BAR ehf.	50,0%	51.250	0	55.941
Reykjahöfði ehf.	50,0%		(1.789)	14.800
Skyr Limited Hong Kong	33,0%	3.964	0	3.964
Snæis hf.	29,8%		784	11.286
Verið vísindagarðar ehf.	33,0%		0	1.851
Vinnslustöðin hf.	32,9%		275.082	9.758.561
Þverásbúið ehf.	49,0%		8.750	45.943
Önnur félög				6.965
			277.582	12.162.442

13. Eignarhlutir í öðrum félögum

Hlutafélög

Eignarhlutir samstæðunnar í öðrum félögum eru færðir á kaupverði eða matsverði sé það lægra. Eignarhlutur í Iceland Seafood International er færður á markaðsverði. Eignarhlutirnir greinast þannig:

	2020		2019	
	Eignarhluti	Bókfært verð	Eignarhluti	Bókfært verð
Iceland Seafood Int. hf.	11,8%	3.452.371	11,8%	2.720.797
Cargow BV.	11,0%	469.954		0
Festi hf.	-	71.716		0
Mjólkursamsalan ehf.			15,00%	1.218.750
Þórsmörk ehf.	19,45%	373.086	19,45%	373.086
Önnur félög		442.471		366.206
		4.809.598		4.678.840

14. Langtímakröfur

Langtímakröfur greinast þannig:

	2020	2019
Almenn skuldabréf viðskiptamanna	1.190.718	1.355.902
Almenn skuldabréf viðskiptamanna með breytirétti í hlutafé	87.878	76.410
	1.278.596	1.432.312
Næsta árs afborganir	(332.020)	(257.163)
	946.576	1.175.149

Skuldabréfalán eru bæði verðtryggð og óverðtryggð og eru gefin út til allt að 6 ára og bera allt að 7% vexti. Langtímakröfur eru færðar í ársreikninginn með áföllnum verðbótum og án núvirðingar. Næsta árs afborganir af skuldabréfum eru 332 millj. kr.

15. Eigið fé

Stofnsjóðir og bundið eigið fé í árslok greinast þannig:

	2020	2019
Stofnsjóðir félagsmanna	191.170	190.920
Varasjóður	69.487	69.487
Menningarsjóður	130.717	143.406
	<u>391.374</u>	<u>403.813</u>

Meðal eigin fjár eru færðir vextir á stofnsjóði en samkvæmt samþykktum félagsins ber að vaxtareikna og/eða verðbæta séreignarhluti í stofnsjóði.

Bundinn hlutdeildarreikningur

Samkvæmt lögum nr. 3/2006 ber félögum að færa hlutdeild í afkomu dóttur- eða hlutdeildarféлага, sem færð er í rekstrarreikning og er umfram móttækinn arð eða þann arð sem ákveðið hefur verið að úthluta, á bundinn hlutdeildarreikning meðal eigin fjár.

16. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

	2020	2019
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	2.588.469	2.126.060
Yfirtekið í samstæðu og aðrir liðir	8.659	355.081
Gjaldfærður tekjuskattur	737.150	758.100
Tekjuskattur til greiðslu	(686.492)	(650.774)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	<u>2.647.787</u>	<u>2.588.469</u>

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig :

	2020	2019
Óefnislegar eignir	1.764.109	1.764.109
Rekstrarfjármunir	1.073.948	1.095.857
Birgðir	34.421	30.052
Viðskiptakröfur	(46.282)	(50.452)
Yfirfæranlegt skattalegt tap og aðrir liðir	(178.409)	(251.097)
Tekjuskattsskuldbinding	<u>2.647.787</u>	<u>2.588.469</u>

Skýringar frh.

17. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:

	Vextir	Eftirstöðvar
Lán í íslenskum krónum	3,8% - 8,2%	5.513.135
Lán í USD	3,4% - 4,3%	366.410
Lán í EUR	2,3% - 3,3%	7.984.077
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir		13.863.622
Næsta árs afborganir		(8.151.537)
Skuldir við lánastofnanir samtals		5.712.085

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok en þau kjör geta tekið breytingum.

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu árum:

Árið 2021	8.151.537
Árið 2022	558.694
Árið 2023	381.983
Árið 2024	352.450
Árið 2025	352.450
Síðar	4.066.508
	13.863.622

18. Tengdir aðilar

Félög innan samstæðunnar eiga í viðskiptum sín á milli en á árinu 2020 nam sala á vöru og þjónustu til samstæðufélaga 4.279 millj. kr. Lán innan samstæðunnar námu 865 millj. kr. í árslok 2020.

19. Þóknun óháðs endurskoðanda

Þóknun til óháðs endurskoðanda félagsins vegna endurskoðunar ársreiknings kaupfélagsins og dótturfélaga nam 31 millj. kr. en auk þess voru greiddar 24 millj. kr. vegna annarrar þjónustu.

Stjórnarháttafirlýsing

Stjórn og stjórnarhættir

Kaupfélag Skagfirðinga er samvinnufélag og starfar skv. lögum um þau. Starfssvæði félagsins nær yfir Skagafjarðarháa. Félagið er deildaskipt og er skipting þeirra eins og sveitarfélagsskipan var í desember 1997 fyrir sameiningu sveitarfélaga í Skagafirði. Hver deild kys sér fulltrúa á aðalfund, einn fyrir hverja 25 félagsmenn, en þó kveða samþykktir félagsins á um að það getur engin ein deild átt meirihluta fulltrúa á aðalfundi. Stjórnarhættir Kaupfélags Skagfirðinga eru í samræmi við lög og reglur sem gilda um starfsemi félagsins, s.s. ákvæði ársreikningalaga nr. 3/2006 og samkeppnislaga nr. 44/2005 sem aðgengileg eru á vef Alþingis, www.althingi.is.

Stjórnarháttafirlýsing þessi er þáttur í innleiðingu góðra stjórnarháta hjá félaginu með það fyrir augum að styrkja innviði þess og auka gagnsæi í starfseminni og verður hún í þróun áfram. Góðir stjórnarhættir leggja grunninn að vandaðri stjórnun og ákvarðanatöku og stuðla að traustum samskiptum á milli félagsmanna, stjórnar, stjórnenda og annarra haghafa.

Í samþykktum félagsins, sem samþykktar voru á aðalfundi í apríl 2009, er nánar kveðið á um fyrirkomulag í starfsemi félagsins.

Félagið hefur ekki sett sér starfsreglur stjórnar en til stendur að gera það. Félagið mun fylgja Leiðbeiningum um góða stjórnarhætti sem gefnar hafa verið út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland.

Stjórn

Í stjórn Kaupfélags Skagfirðinga eru sjö stjórnarmenn og þrjú varamenn. Stjórnarmenn eru kosnir til þriggja ára í senn. Varamenn í stjórn eru kosnir til eins árs í senn. Stjórnin kys formann, varaformann og ritara úr sínum hópi til eins árs í senn. Stjórn ber ábyrgð á því að starfsemi félagsins sé í samræmi við lög og reglur sem um félagið gilda og góða viðskipta- og stjórnarhætti. Stjórn sinnir stefnumótun og töku meiriháttar ákvarðana í rekstri félagsins.

Í stjórn félagsins sitja fjórir karlar og þrjár konur og uppfyllir félagið því ákvæði laga um kynjahlutföll í stjórnnum stórra félaga. Stjórn félagsins í árslok 2020 var skipuð eftirtöldum einstaklingum:

Bjarni Maronsson, stjórnarformaður, er fæddur árið 1949 og hefur setið í stjórn frá apríl 1989.

Herdís Á. Sæmundardóttir, varaformaður, er fædd árið 1954 og hefur setið í stjórn frá apríl 2011.

Örn Þórarinsson, er fæddur árið 1951 og hefur setið í stjórn frá apríl 1999.

Guðrún Sighvatsdóttir er fædd árið 1960 og hefur setið í stjórn frá apríl 2012.

Pétur Pétursson, er fæddur árið 1945 og hefur setið í stjórn frá apríl 1993.

Sigríður Gunnarsdóttir er fædd árið 1975 og hefur setið í stjórn frá apríl 2013.

Þorleifur Hólmsteinsson, er fæddur árið 1958 og hefur setið í stjórn frá apríl 2005.

Í varastjórn sitja Viggó Jónsson, fyrst kjörinn 2006, Hjörtur Geirmundsson, fyrst kjörinn 2002 og Gunnar Þ. Gestsson, fyrst kjörinn 2018.

Bakgrunnur, menntun og aldur stjórnarmanna er fjölbreyttur og margvíslegur og hafa stjórnarmenn viðtæka reynslu á sviði rekstrareininga Kaupfélagsins. Stjórnin fer, samkvæmt lögum og samþykktum félagsins, með æðsta vald í málefnum þess milli félagsfunda. Á árinu 2020 voru haldnir 11 stjórnarfundir. Voru þeir flestir haldnir í fjarfundakerfi vegna samkomutakmarkana og sóttvarnaráðstafana.

Stjórn og starfsmenn skulu starfa af heiðarleika og heilindum, kynna sér þau lög og reglur sem gilda um starfsemi félagsins og hafa skilning á hlutverki sínu og ábyrgð. Félagið stendur ekki frammi fyrir dómum né sektum vegna brota á lögum eða reglum sem um starfsemina gilda. Stjórn hefur ekki framkvæmt árangursmat á sínum störfum.

Innra eftirlit og áhættustýring

Stjórn og kaupfélagsstjóri eru ábyrg fyrir því að til staðar sé fullnægjandi innra eftirlit og áhættustýring hjá félaginu. Markmið stjórnar með innra eftirliti og áhættustýringu er að stuðla að því að félagið nái markmiðum sínum varðandi tilgang og skyldur félagsins, afkomu, áreiðanleika fjárhagsupplýsinga og séu í samræmi við lög og reglur. Stjórnendur fylgjast með fjárhagslegum áhættum í rekstri og eru áhættur greindar reglulega vegna breytinga í umhverfi félagsins og starfsemi samstæðunnar. Áhættur í rekstri snúa m.a. að gjaldmiðlum, vöxtum og útlánum.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Samfélagsábyrgð

Kaupfélag Skagfirðinga (KS) leggur áherslu á samfélagsábyrgð og vill starfa í sátt við umhverfi og samfélag. Stefna KS er að umgangast auðlindir og umhverfi af ábyrgð og samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru, félaginu og þjóðinni til hagsbóta.

Umhverfismál

Kaupfélag Skagfirðinga er meðvitað um mikilvægi þess að huga vel að umhverfismálum. Sem stórt matvælaframleiðslufyrirtæki er mikilvægt að huga að lágmörkun matarsóunar og úrgangslausunar í framleiðslueiningum félagsins. Ýmislegt hefur áunnist þó margt sé enn ógert. Hér á eftir fer grunnurinn að umhverfisstefnu félagsins. Markmiðssetning, stefnumörkun og innleiðing í þessum málaflokki verður unnin á árunum 2021-2023. Gögn sem birt eru hér að neðan, eins og t.d. um orku- og vatnsnotkun takmarkast við móðurfélagið Kaupfélag Skagfirðinga.

Hringrásin

Kaupfélag Skagfirðinga nýtir auðlindir jarðarinnar á sjálfbærán hátt og leitast við að hámarka verðmæti úr öllu því hráefni sem unnið er með hjá félaginu.

Stefna félagsins er að öll hráefni séu meðhöndluð af virðingu fyrir náttúrunni og að öll meðferð hráefna sé til fyrirmyndar og að fyllstu nærgætni sé gætt við meðhöndlun búfjár og sláturdýra, allt frá bónda til búðar, sbr. reglugerð um vernd dýra við aflifun nr. 761/2011, reglugerð um velferð dýra í flutningi nr. 527/2017 og öðrum þeim reglum er lúta að velferð dýra.

Fullnýting hráefna og lágmörkun lífræns úrgangs er eitt af meginmarkmiðum félagsins. Undanfarin ár hafa stór skref verið stigin í þeim málum. Þar má fyrst nefna að sláturúrgangur frá Kjötafurðastöð KS hefur um langa hríð verið nýttur til framleiðslu dýrafóðurs innanlands. Árið 2020 voru nýtt 543 tonn, þar af fóru um 34% í dýrafóður innanlands en um 66% til útflutnings. Nokkur minnkun varð milli ára vegna áhrifa COVID-19. Í Mjólkursamlagi náðist stór áfangi í frárennismálum þegar framleiðsla á mysupróteini úr ostamysu hófst árið 2017. Annar hluti þess verkefnis er að fullnýta mjólkursykur sem fellur til úr þeirri mysu til etanólframleiðslu. Reiknað er með að því verkefni ljúki á haustmánuðum 2021. Þegar þessum áfanga verður náð mun um 70% af allri mysu sem fellur til á Íslandi verða fullnýtt með þessum hætti. Jafnframt hefur verið unnið að bættri nýtingu hráefna með ferilbreytingum og endurnýjun búnaðar í Mjólkursamlagi KS. Sem dæmi um árangur af þessum breytingum, þá er áætlað að komið verði í veg fyrir að um 75 tonn af fitu fari í frárennislagnir á ári hverju og mun um 75% af því nýtast í framleiðslunni. Það magn sem ekki nýtist í framleiðslu Mjólkursamlagsins verður fargað þar til aðrar lausnir finnast. Þessi breyting hefur í för með sér að nær engin fita mun berast út í frárennislagnir. Reiknað er með að þessar breytingar verði komnar til framkvæmda við lok annars ársfjórðungs 2021.

Stefna félagsins er að lágmarka notkun umbúða eins og kostur er miðað við starfsemi og framleiðsluvörur félagsins og á það sama við um almennt sorp. Úrgangur frá vinnslustöðvum er flokkaður í kör eða gáma til urðunar og svo pappi og plast til endurvinnslu. Boðið er upp á flokkunartunnur á hluta af skrifstofum og stefnt að því að allar skrifstofur félagsins flokki sorp fyrir lok árs 2021. Jafnframt er stefnt á að leita leiða til að takmarka umbúðir frá birgjum. Því má segja að stór hluti úrgangs frá framleiðslustöðvum KS sé flokkaður. Unnið er að kortlagningu úrgangsmála m.t.t. magnmælinga, skráninga og frekari endurvinnslu og er ætlunin að leggja aukna áherslu á flokkun og endurvinnslu sorps á árinu 2021. Mun fyrirtækið í framhaldinu setja sér markmið um flokkun og endurvinnslu úrgangs.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh

Þróun magns úrgangs sem KS hefur komið í urðun og endurvinnslu, sl. þrjú ár má sjá hér að neðan.

Ár	Ólífrænt & lífrænt	Pappír	Plast
	Urðun - tonn	Endurvinnsla - tonn	Endurvinnsla - tonn
2018	981	17	1,1
2019	1.258	41	0,6
2020	1.341	57	3,2

Félagið leitar leiða til að lágmarka umhverfisáhrif af flutningi og að haga öllum flutningum þannig að umhverfisáhrif verði sem minnst. Í megindráttum felur þetta í sér að þökkun sé hagað þannig að nýting flutningspláss sé hámarkuð, að flutningar og dreifing sé bestuð og að flutningstæki séu valin miðað við hámarks orkunýtingu.

Rekjanleiki afurða og matvælaöryggi eru meginstoðir í tilveru félagsins. Síðustu ár hefur félagið unnið að uppsetningu gæðakerfa með áherslu á rekjanleika framleiðsluvara og eru flestar framleiðsluvörur félagsins nú rekjanlegar og áfram verður unnið að því verkefni til að tryggja þennan þátt framleiðslunnar. Við innkaup á hráefnum er alla jafna farið fram á rekjanleikavottun. Matvælaöryggi og gæði eru órjúfanlegur hluti af starfsemi félagsins. Gæðakerfi framleiðslustöðva byggja á HACCP kerfinu.

Öll starfsemi framleiðslustöðva er háð leyfum frá Matvælastofnun og Heilbrigðiseftirliti og þeim lögum og reglum sem þær stofnanir hafa umsjón með.

Stefna félagsins er að umgengni skuli ætíð vera til fyrirmyndar og búnaði, húsnæði, lóðum og öðru haldið við með skipulögðum hætti. Stefnt er að því að setja kröfur á birgja um umgengni. Unnið verður af frekari stefnumörkun og markmiðssetningu í þessum málaflokki fyrir félagið á næstu þremur árum eins og fyrir segir.


Sótspor

Stefna Kaupfélags Skagfirðinga er að mæla og meta losun á gróðurhúsalofttegundum og nýta tækifæri til að takmarka og draga úr umhverfisáhrifum í samræmi við tækniþróun. Stærsta áskorunin í umhverfismálum er notkun jarðefnaeldsneytis þar sem önnur tækni er ekki til staðar. Þetta á meira og minna við um alla flutninga, fiskveiðar og flug.

Til að tryggja að notkun jarðefnaeldsneytis sé innan settra marka þarf að huga að mælingu hinna ýmsu notenda. Félagið hefur sett sér það markmið að draga markvisst úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsseminni með skráningu á losun með rafrænum hætti. Árið 2021 verða sett mælanlegt markmið á losun kolefnis vegna notkunar jarðefnaeldsneytis.

Síðustu ár hefur félagið unnið að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Á árinu 2021 verður einhverjum þeirra verkefna lokið og má þar nefna að 6 MW rafskautaketill verður gangsettur og mun hann leysa af hólmi eldri olíuketil í Mjólkursamlagi KS. Jafnframt verður lokið við uppsetningu stýrðs viðhalds, sem mun draga úr hættu á leka HFC kælimiðla sem sumir valda þúsundfalt meiri gróðurhúsáhrifum en koltvísýringur, CO₂.

Hér að neðan má sjá þróun CO₂ útblásturs frá brennslu jarðefnaeldsneytis, sl. fimm ár.




Mynd 2 – Þróun CO₂ útblásturs frá brennslu jarðefnaeldsneytis

Ekki hefur verið unnið markvisst að jöfnun og bindingu kolefnis á vegum félagsins en í tengslum við stefnumörkun í umhverfismálum verður farið í að setja mörk á kolefnislosun, meta hvernig draga má úr henni, setja mælanleg markmið um samdrátt í losun og ákveða hvernig jöfnun og binding getur stutt við þá vegferð.

Orkunýting

Kaupfélag Skagfirðinga stefnir á að hámarka orkunýtingu. Við byggingu og endurbyggingu húsnæðis hefur ýmsum orkusparandi aðferðum verið beitt og sem dæmi um það er að notuð er öflug einangrun og nær öll ný lýsing framkvæmd með LED tækni, ljósastýringar sjálfvirkar, o.s.f.v. Nokkuð vantar upp á að fylgst sé með orkunotkun til hitunar og loftræstingar. Jafnframt þarf ætíð að hafa orkunýtingu að leiðarljósi þegar um framleiðslubúnað er að ræða. Við val á nýjum búnaði eða uppgerð eldri búnaðar býr félagið að því að stór hluti þess búnaðar sem um ræðir uppfyllir strangar kröfur Evrópusambandsins um orkunýtingu.

Framleiðsluferlar þurfa að vera þannig upp settir að hámarks orkunýting náist. Umtalsverður hluti af töpum í framleiðsluferlum er til kominn vegna takmarkaðs viðhalds búnaðar, m.a. af þessari ástæðu er innleiðing stýrðs viðhalds hjá Mjólkursamlagi KS hafin. Reiknað er með að uppsetningu viðhaldskerfis verði lokið á öðrum ársfjórðungi 2021.



Mynd 3 - Þróun orkunotkunar og hlutfall grænnar orku

Mikilvægt er að velja og nota flutningatæki, vinnuvélar og ökutæki sem hafa hæstu mögulega orkunýtni. Flutningabílafloti félagsins er mikið til nýlegur og viðhald hans gott. Við endurnýjun, rekstur og viðhald flutningatækja þarf ætíð að taka tillit til orkusparnaðar.

Orkuskipti - endurnýtanleg orka


Stefna félagsins er að leita allra leiða til að nota endurnýtanlega orkugjafa og velja rafknúinn búnað fremur en búnað drifinn af jarðefnaeldsneyti, hvort heldur sem um framleiðslu- eða ökutæki er að ræða. Framleiðslubúnaður hefur um langa tíð að mestu verið knúinn með umhverfisvænu rafmagn. Við gufuframleiðslu hefur nær eingöngu verið notast við olúkatla. Á þriðja ársfjórungi 2019 var hafist handa við hönnun fyrir uppsetningu rafskautaketils í Mjólkursamlagi KS. Sá ketill mun leysa af hólmi eldri olúketil. Við þessa breytingu sparast um 900.000 lítar af brennsluolíu á ári sem jafngildir losun á um 2700 tonnum af CO₂ út í andrúmsloftið. Verklök eru áætluð á öðrum ársfjórungi 2021.

Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir

Félagið stefnir á að minnka notkun efna sem valda skaða í andrúmslofti eða í náttúrunni. Skipta þarf út HFC kælimiðlum fyrir aðra sem valda ekki gróðurhúsaáhrifum. Umhverfisvæn ammoníaks, NH₃, kælikerfi hafa lengi verið í notkun innan félagsins. Síðustu árin hafa fleiri umhverfisvæn kælikerfi, þ.e. koltvísýrings, CO₂, og ammoníakskerfi verið tekin í notkun. Nokkuð er í land þar til að öllum HFC kælimiðlum verði skipt út með umhverfisvænum miðlum. Markmið félagsins er að öll ný kælikerfi noti umhverfisvænan kælimiðil. Áætlað er að mat á magni HFC í notkun og setningu markmiða verði lokið árið 2021. Sama gildir um önnur skaðleg efni, s.s. PFC sem kunna að vera í notkun í til að mynda slökkvibúnaði.

Neysluvatnsnotkun

Kaupfélag Skagfirðinga vill minnka notkun og nýta neysluvatn sem best, hvort heldur er við hönnun bygginga, endurbyggingu húsnæðis, val framleiðslubúnaðar eða við tilhögun framleiðsluferla. Við nýbyggingar og endurbyggingar félagsins undanfarin ár hafa vatnssparnaðarlausnir verið nýttar og má þar nefna vatnssparandi krana við þvottlaugar, vatnssparandi salerni, o.fl. Góður árangur hefur náðst í vatnssparnaði hjá stærstu notendum innan félagsins, þó eru enn miklir möguleikar til vatnssparnaðar í framtíðinni. Markmiðssetning vegna vatnsnotkunnar verður unnin samhliða annari stefnumörkun í umhverfismálum á næstu þremur árum. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir þróun vatnsnotkunar sl. fimm ár.



Mynd 4 - Þróun vatnsnotkunar

Samfélag

Kaupfélag Skagfirðinga trúir því að góður árangur félagsins á öllum sviðum byggist á krafti, metnaði og hollustu starfsmanna sinna. En samhliða er okkur ljós sú ábyrgð sem við berum gagnvart starfsmönnum okkar og viljum hafa virðingu að leiðarljósi í öllum samskiptum. KS leggur áherslu á að vinnustaðir félagsins veiti starfsmönnum öryggi og góðan aðbúnað og hafi á að skipa hæfum og traustum starfsmönnum sem vinna í samræmi við markmið og stefnur félagsins. KS vill vera virkur þátttakandi í verkefnum sem varða uppbyggingu í nærsamfélagi sínu.

Starfsmannamál, jafnrétti og mannréttindi

Það er markmið KS að tryggja að starfsumhverfi og aðstæður á vinnustað séu til fyrirmyndar með heilbrigði og ánægju starfsfólks að leiðarljósi. KS vill stuðla að því að gera vinnustaðinn öruggan og slysalausan með öflugri fræðslu og forvörnum.

Í tengslum við vinnu félagsins að jafnlaunavottun var Starfsmannastefna endurskoðuð og samþykkt af stjórn í ágúst 2020. Þar segir m.a. "Það er viðhorf Kaupfélags Skagfirðinga að það séu starfsmennirnir, metnaður þeirra, kraftur og hollusta sem er lykillinn að farsælum rekstri félagsins. Markmið félagsins er að hjá því starfi hæfir, áhugasamir og vel þjálfaðir starfsmenn, sem eru tilbúnir til að axla ábyrgð og sýna frumkvæði í starfi og geti þannig tekið virkan þátt í framþróun þess. Yfirmenn hafa þá skyldu að hafa í heiðri starfsmannastefnuna og sjá til þess að farið sé að reglum og fyrimælum bæði með tilliti til hagsmuna félagsins og starfsmanna."

Jafnlaunastefna fyrir KS var mótuð í fyrsta skiptið á árinu 2020 og var hún samþykkt af stjórn samhliða starfsmannastefnu. Í Jafnlaunastefnunni kemur m.a. fram "Kaupfélag Skagfirðinga hefur í þessu samhengi innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa. Laun taka mið af inntaki starfa, álagi, hæfni og árangri starfsmanna. Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við kjarasamninga, studdar rökum og tryggi að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf. Kaupfélag Skagfirðinga skuldbindur sig til að framfylgja jafnlaunastefnunni í hvívetna." Markmið Kaupfélags Skagfirðinga er að hafa sem minnstan mun á launum kynjanna, eða innan við $\pm 2\%$ fyrir árslok 2021. Markmið um hámarksprósentu í kynbundnum launamun skal endurskoða árlega.

Jafnlaunakerfi KS var virkjað í lok árs 2020 og því er ekki komin nægjanleg reynsla á það til að hægt sé að greina frá mælanlegum árangri. Í vottunarferli til að öðlast jafnlaunavottun lét félagið framkvæma launagreiningu og var megin niðurstaðan að grunnlaun kvenna voru að meðaltali 3,4% lægri en karla. Þessi munur stóð eftir þegar grunnlaun karla og kvenna voru borin saman að teknu tilliti til starfaflokks, menntunar og sviðs. Öllum starfsmönnum hefur verið greint frá þessari niðurstöðu. Frekari greining mun fara fram á árinu 2021 með það að markmiði að skipuleggja það hvernig minnka megi þann mun sem greindist.

Í árslok 2020 voru starfsmenn félagsins 222. Þar af voru 145 karlar (65,3%) og 77 konur (34,7%). Kynjahlutfall æðstu stjórnenda félagsins er 87,5% karlar og 12,5% konur.

Það er sameiginlegt verkefni stjórnenda og starfsmanna KS að stuðla að góðum samskiptum og starfsanda á vinnustaðnum, sbr. Starfsmannastefnu KS. Eftirfylgni og eftirlit með stefnum og áætlunum er tengjast jafnlaunakerfi munu eftirleiðis fara fram einu sinni ári með viðhaldsúttekt samþykks vottunaraðila.

Félagið hefur sett sér jafnréttisáætlun þar sem fram koma markmið og aðgerðir til að stuðla að jafnrétti og mannréttindum fyrir starfsmenn. Jafnframt er tekið á þessum málaflokki í Starfsmannastefnu KS og Jafnlaunastefnu KS. Áætlunin og stefnurnar verða endurskoðaðar árlega.

Félagið hefur ekki sett sér sérstaka stefnu í mannréttindamálum en telur sig tryggja starfsmönnum sínum jöfn mannréttindi í þeim stefnum sem það hefur þegar mótað, gefið út og starfar samkvæmt. Félagið mun skoða hvort þörf sé á að gefa út sérstaka stefnu í þessum málaflokki.

Stefnur og áætlanir KS hafa verið kynntar fyrir starfsfólki af yfirmönnum hvernar einingar og eru aðgengilegar á heimasíðu og innrífef félagsins.

Öryggi og vinnuvernd

Kaupfélag Skagfirðinga vill stuðla að því að gera vinnustaðinn öruggan og slysalausan með öflugri fræðslu og forvörnum. Því leggjum við mikla áherslu á heilsu og öryggi starfsfólks og vinnum markvisst að því að draga úr hættu við vinnu og í starfsumhverfi.

Öryggisstefna félagsins var endurútgefin árið 2012 og fyrirhugað er að endurskoða hana 2021. Stefnan tekur einungis til upplýsinga-, gagna- og húsnæðisöryggis. Félagið hefur ekki sett sér sérstaka stefnu er varðar öryggi starfsmanna en sú vinna er fyrirhuguð samhliða endurskoðun Öryggisstefnu. Öryggisstefnu má nálgast á innrífef félagsins.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh

Stjórnendur hjá KS eru meðvitaðir um til hvaða aðgerða skal grípa ef slys verður á vinnustað eða alvarleg veikindi starfsmanns koma upp. Þó býr félagið við þá áhættu að flestar starfstöðvar þess eru staðsettar fjarri hátækni sjúkrahúsi og lækniþjónustu er krefst sérfræðipækkingar. Einingar félagsins eru margar og með ólíka starfsemi sem kallar á mismundandi áherslur í öryggismálum. Stjórnendum í hverri einingu ber að gera áhættumat innan sinnar einingar og huga að öryggi síns starfsfólks í hvívetna.

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og önnur óæskileg hegðun af öllu tagi verður ekki liðin hjá KS Félagið hefur mótað stefnu og aðgerðaráætlun vegna eineltis og kynferðislegrar áreitni sem finna má á innrives KS og í útgefnum starfsmannahandbókum einstakra deilda. Í áætluninni er tilgreint hvert ferli tilkynninga skal vera og úrvinnsla þeirra. Eineltisstefna fyrir félagið var gefin út árið 2012 og fyrirhugað er að endurskoða hana á árinu 2021.

Til að tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi stefnir félagið á að bjóða upp á öflugna og reglulega öryggisfræðslu fyrir starfsfólk sitt. Öflugna nýliðafræðslu og fræðslu fyrir utanaðkomandi aðila, s.s. verktaka sem vinna fyrir félagið. Jafnframt að allur búnaður standist ströngustu öryggiskröfur og starfsfólk sé þjálfað í notkun hans. Að húsnæði uppfylli allar kröfur um öryggi og vinnuvernd. - Vinnuástaða, loftgæði og hitastig séu sniðin af þörfum notenda, hvort heldur sem er í framleiðslu eða á skrifstofum.

Verktakar og aðrir utanaðkomandi aðilar þurfa að fylgja öryggisreglum í hvívetna. Jafnframt ber verktökum að sjá til þess að allur búnaður þeirra, og notkun hans, standist öryggiskröfur. Unnið er að frekari stefnumörkun öryggis- og heilsuverndarmála, þ.m.t. uppsetningu öryggisnefnda til að hafa umsjón með gerð áhættumats, verklagsreglna og öryggishandbóka.

Öryggisatvik og fjöldi slysa hafa ekki verið skráð miðlægt hjá félaginu. Hjá þeim einingum félagsins sem hafa virka gæðastefnu, hefur skráning á öllum öryggisatvikum verið framkvæmd, skv. reglum. Unnið er að endurskoðun og úrbótum til að hægt sé að meta heildarumfang, skipuleggja aðgerðir og forvarnir.

Menntun

Heildarstefna hefur ekki verið mörkuð í fræðslumálum hjá KS, en félagið vill styðja starfsmenn til að auka þekkingu sína og sækja sér frekari menntun. Árið 2020 var sett aukin áhersla á starfmannatengd málefni og mun uppbygging þess málaflokks halda áfram. Ákveðnar einingar innan félagsins sinna endurmenntun í faggreinum eins og kröfur og reglur kveða á um, t.d. fræðslu um öryggismál, o.fl. Félagið hefur boðið upp á skyndihjálpar- og brunavarnarnámskeið og staðið fyrir fræðslu varðandi netöryggi fyrir starfsmenn.

Þrátt fyrir að heildarstefna hafi ekki verið mótuð í fræðslumálum er nokkuð um tengsl við menntakerfið, t.d. í gegnum þjónustudeildir félagsins. Má þar nefna tengsl við Verknámsdeild Fjölbrotarskóla Norðulands-vestra og sérhæfð verkefni sem unnin hafa verið fyrir sumar einingar félagsins, t.d. í samstarfi við Háskólan í Reykjavík. Markmið félagsins er að þróa fræðslumálin til hagsbóta fyrir starfsmenn, samfélag og félagið sjálft.

Stjórnunarhættir, spilling og mútur

Kaupfélag Skagfirðinga starfar af heilindum og á áreiðanlegan og sanngjarnan hátt. Stefna félagsins er að vinna gegn spillingu í hvaða formi sem hún er.

Starfs- og siðareglur

Við erum heiðarleg í viðskiptum og gætum að orðspori félagsins. Það hefur ávallt verið markmið félagsins að stunda viðskipti af heilindum. Fram til þessa hafa reglur ekki verið settar. Orðspor skiptir félagið megin máli og í tengslum við það er, t.d. skipulögð vinna við umhverfismál að komast í gang.

Félagið einsetur sér að fara eftir öllum lögum og reglugerðum sem gilda fyrir starfsseminum hverju sinni, hvort sem það er hérlendis eða erlendis. Jafnframt skuldbindur félagið sig til að uppfylla ávallt skyldur sínar við starfsmenn, viðskiptavinum og opinbera aðila.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh

Félagið vill stuðla að gagnsæjum starfsháttum og góðum samskiptum á vinnustað og utan hans og hefur, m.a. sett starfsmanna-, eineltis-, og jafnlaunastefnur. Auk öryggisstefnu fyrir upplýsingaöryggi. Jafnframt hefur félagið gefið út jafnréttisáætlun.

Við leggjum okkar skerf til samfélagsins. Félagið greiðir alla skatta og gjöld lögum samkvæmt, hvort sem það er í viðskiptum hér á landi eða erlendis. Félagið hefur tekið virkan þátt í að stuðla að uppbyggingu og framþróun í samfélaginu með stuðningi við ýmis málefni, t.d. má þar nefna:

- * Umhverfismál
- * Samfélagsmál
- * Íþróttir, æskulýðsstarf og forvarnir
- * Efling atvinnulífs
- * Menning og listir
- * Félaga- og hjálparsamtök

Á komandi misserum er markmið félagsins að að vinna að gerð siðareglna og gera þær opinberar á heimasíðu félagsins.

Stefna félagsins er að gera kröfur til birgja um að þeir framfylgi lögum og reglum í hvívetna. Þá er ætlast til að starfsmenn vinni eftir verklagsferlum þegar kemur að vali birgja. Við gerum kröfur um gæði vöru og öryggi í afhendingu og líðum ekki vörusvik. Markmið félagsins er að hefja vinnu við samhæfðar kröfur til birgja árið 2021. Kröfur sem taka á öllum þáttum innkaupa, þ.e. umhverfismálum, gæða- og upprunavottunum auk almenns siðferðis.

Gagnsæi og birting ófjárhagslegra upplýsinga

Kaupfélag Skagfirðinga stefnir að birtingu ófjárhagslegra upplýsinga á næstu þrem árum. Verða upplýsingarnar birtar eftir því sem vinnu við málaflokkinn vindur fram.

Fimm ára yfirlit

Fimm ára yfirlit samstæðunnar í milljónum króna:

Rekstur:	2020	2019	2018	2017	2016
Rekstrartekjur	40.989	39.713	36.365	33.110	31.187
Rekstrargjöld án afskrifta	(34.389)	(32.903)	(31.336)	(28.874)	(26.987)
Hagnaður fyrir afskriftir	6.600	6.810	5.029	4.237	4.200
Afskriftir	(2.139)	(1.975)	(2.036)	(1.658)	(1.506)
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	4.461	4.835	2.993	2.578	2.694
Fjármagnsliðir	(590)	880	2.599	485	(878)
Tekjuskattur	(737)	(758)	(448)	(639)	(364)
Hagnaður eftir skatta	3.135	4.957	5.145	2.425	1.452
Hlutdeild minnihluta	(118)	(104)	(132)	(98)	(85)
Hagnaður ársins	3.017	4.853	5.013	2.327	1.367
Efnahagur:					
Óefnislegar eignir	20.428	19.447	14.984	13.971	5.653
Varanlegir rekstrarfjármunir	18.304	18.090	16.787	16.678	13.869
Eignarhlutir og langtímakröfur	17.919	16.466	13.880	5.578	3.826
Skatteign	106	87	0	0	0
Birgðir	5.543	4.885	4.334	4.257	4.335
Kröfur	7.663	8.340	8.902	7.701	6.444
Handbært fé	1.063	2.696	852	1.215	5.804
Eignir samtals	71.026	70.011	62.325	49.400	39.932
Eigið fé	41.865	38.877	34.053	29.065	26.768
Hlutdeild minnihluta	1.309	1.031	961	981	994
Innlánsdeild	0	0	0	0	1.668
Skuldbindingar	2.648	2.588	2.126	457	682
Langtímaskuldir	5.712	12.135	17.100	6.049	3.317
Skammtímaskuldir	19.493	15.381	8.085	12.847	6.504
Eigið fé og skuldir samtals	71.026	70.011	62.325	49.400	39.932
Kennitölur:					
Veltufé frá rekstri	6.203	6.082	4.976	3.472	3.606
Handbært fé frá rekstri	5.753	5.714	2.827	3.301	4.426
Veltufjárhlutfall	0,73	1,04	2,06	1,03	2,55
Eiginfjárhlutfall	59%	56%	55%	59%	67%
Meðalfjöldi starfa	970	922	1.006	943	931

Félagsmenn 2020

Deildir :	2020	2020	2020	2019	2018	2017	2016
	Fulltrúar	Aðalfélagar					
Akradeild	4	89		87	83	84	86
Fljótadeild	1	16		16	17	16	14
Hofsdeild	2	53		53	55	57	58
Hóladeild	2	33		35	34	34	35
Lýtingsstaðadeild	3	60		62	64	68	65
Rípurdeild	2	38		40	40	39	39
Sauðárkróksdeild	22	534		547	556	572	584
Seyludeild	3	65		69	74	73	68
Skarðsdeild	2	36		40	41	39	41
Skefilsstaðadeild	1	20		22	20	21	22
Staðardeild	2	42		40	42	42	44
Viðvíkurdeild	2	35		35	35	36	37
Utanhéraðs			482	483	477	479	477
Samtals:	46	1021	482	1529	1538	1560	1570

Staða pr.31.12.ár hvert



Stjórn Kaupfélags Skagfirðinga:	Í stjórn frá:	Kjörtími útrunninn:
Bjarni Maronsson, Varmahlíð, formaður	1989	2022
Herdís Sæmundardóttir, Sauðárkróki, varaformaður	2011	2020
Örn Þórarinsson, Ökrum, ritari	1999	2020
Guðrún Sighvatsdóttir, Sauðárkróki, meðstjórnandi	2012	2021
Pétur Pétursson, Sauðárkróki, meðstjórnandi	1993	2020
Sigríður Gunnarsdóttir, Sauðárkróki, meðstjórnandi	2013	2022
Þorleifur Hólmsteinsson, Þorleifsstöðum	2005	2021

Varastjórn:		
Viggó Jónsson, Sauðárkróki	2006	2020
Hjörtur Geirmundsson, Sauðárkróki	2002	2020
Gunnar Gestsson, Sauðárkróki	2018	2020

Skoðunarmenn:	Fyrst kjörinn:	Kjörtími útrunninn:
Gestur Þorsteinsson, Tröð	2012	2020
Snorri Evertsson, Sauðárkróki	2013	2021

Varaskoðunarmenn:		
Sveinn Sigfússon, Sauðárkróki	2016	2020
Vésteinn Vésteinsson, Hofsstöðum	2012	2020

Stjórn Menningarsjóðs KS:		
Bjarni Maronsson, formaður	2011	
Þórólfur Gíslason, kaupfélagsstjóri	1988	
Efemía G. Björnsdóttir, Sauðárkróki	2005	2021
Einar Gíslason, Sauðárkróki	2000	2022
Inga Valdís Tómasdóttir, Sauðárkróki	1991	2020

Varamenn Menningarsjóðs:		
Vésteinn Vésteinsson, Hofsstöðum		2020
Dalla Þórðardóttir, Miklabæ		2021

Sláturhúsráð:		
Þórólfur Gíslason, kaupfélagsstjóri, formaður	1988	
Örn Þórarinsson, Ökrum, kjörinn af stjórn	2004	2021
Andrés Helgason, Tungu, kjörinn af aðalfundi	2001	2022
Merete Rabølle, Hrauni, kjörin af aðalfundi	2005	2020
Þórarinn Leifsson, Keldudal, kjörinn af aðalfundi	2007	2021

Varamenn í Sláturhúsráði:		
Gunnar Gestsson, Sauðárkróki, kjörinn af stjórn		2020
Drífa Árnadóttir, Uppsölum, kjörin af aðalfundi		2020
Jóhann Már Jóhannsson, Keflavík, kjörinn af aðalfundi		2020

Í Samlagsráði eru:		
Þórólfur Gíslason, kaupfélagsstjóri, formaður	1988	
Þorleifur Hólmsteinsson, Þorleifsstöðum, kjörinn af stjórn	2013	2020
Ómar Jensson, Gili, kjörinn af ársfundi MKS	2013	2020
Hrefna Hafsteinsdóttir, Hóli, kjörin af ársfundi MKS	2017	2020
María Jóhannsdóttir, Kúskerpi, kjörin af ársfundi MKS	2005	2021


Afurðastöðvar KS

Starfsemi afurðastöðva Kaupfélags Skagfirðinga á árinu 2020 var með sambærilegum hætti og árin á undan.

Í samstæðu KS eru 6 starfsstöðvar og félög sem koma að vinnslu og sölu á landbúnaðarafurðum, þ.e. Kjötafurðastöð KS, Mjólkursamlag KS, Sláturhús KVH ehf., Sláturhús Hellu hf., Íslenskar mysuafurðir ehf. og Esja Gæðafæði ehf.

Heildarafurðagreiðslur Kaupfélags Skagfirðinga á árinu 2020 voru 2.708,9 m.kr en voru 2.497,5 m.kr árið á undan.

Afurðagreiðslur KS 2015 - 2020




Mjólkursamlag KS

Á árinu 2020 var innlögð mjólk og hrámjólkurkaup hjá Mjólkursamlagi KS samtals 26,6 milljónir lítra sem er aukning um 1,5 milljónir lítra frá árinu 2019. Greiðslur fyrir innlagða mjólk var 1.527 m.kr árið 2020 á móti 1.406 m.kr. árið á undan. Mjólkursamlag KS framleiddi á árinu vörur í fjórum flokkum þ.e. fasta osta, rifinn ost og mozzarella osta auk viðbits og var heildarframleiðslan um 4.759 tonn.


Á árinu 2020 setti Mjólkursamlag KS á markað þrjá fastosta undir heitinu Goðdalaostar, Feykir, Grettir og Reykir. Viðtökurnar á þessari nýju vörulínu hafa verið mjög góðar.

Framleiðsla á mysupróteini úr ostamysu hefur verið að aukast jafnt og þétt hjá Íslenskum mysuafurðum ehf. sem rekið er í tengslum við Mjólkursamlag KS. Hefur ársframleiðslan aukist um rúm 83% frá því að starfsemin hófst í ársbyrjun 2018. Á árinu 2020 voru framleidd 368 tonn af próteindufti úr 56,3 milljónum lítra af mysu.

Mjólkursamlag KS Hráefniskaup 2015 - 2020



Mjólkursamlag KS Framleiðsla 2017 - 2020




Kjötafurðastöð KS

SAUÐFÉ

Á árinu 2020 var slátrað hjá Kjötafurðastöð KS alls 103.490 kindum sem er fækkun um rúm 10 þúsund frá fyrra ári. Heildarverðmæti innlagðra sauðfjárafurða

ársins voru 856 m.kr en voru 814 m.kr árið 2019. Meðalþungi innlagðra dilka var 16,9 kg. en var 16,56 kg. árið 2019.

Kjötafurðastöð KS
Sauðfjárslátrun 2017 - 2020




STÓRGRIPIR

Árið 2020 var slátrað 3.275 stórgripum hjá Kjöt-afurðastöð KS sem er sami nánast fjöldi og árið á

undan. Heildarverðmæti innlagðra stórgripa árið 2020 var 326 m.kr. á móti 276,2 m.kr. árið 2019.


Kjötafurðastöð KS
Sauðfjárslátrun 2017 - 2020



Sláturhús Hellu

Árið 2020 var slátrað 6.325 stórgripum hjá Sláturhúsi Hellu hf. sem er örlítil fjölgun frá árinu á undan. Heildarverðmæti innlagðra stórgripa var 594,6 m.kr. á móti 616,2 m.kr. árið 2019


Sláturhús Hellu Sauðfjárslátrun 2017 - 2020



Sláturhús KVH

Á árinu 2020 var slátrað hjá Sláturhúsi KVH alls 97.381 kind sem er fækkun um 2.400 frá fyrra ári. Heildarverðmæti innlagðra sauðfjárafurða ársins voru 791 m.kr en voru 747 m.kr árið 2019. Meðalþungi innlagðra dilka var 17,37 kg. en var 16,98 kg. árið 2019.

Sláturhús KVH Sauðfjárslátrun 2017 - 2020





Vonin

Eitt verka Bertels Thorvaldsen

Á árinu 2020 voru liðin 250 ár frá fæðingu frægasta myndhöggvara síns tíma Bertels Thorvaldsen, en hann var fæddur 1770. Faðir hans var Gottskálk Þorvaldsson, fæddur á Reynistað í Skagafirði 1741, en hélt til Kaupmannahafnar 1757 og giftist þar danskri konu Karen Degnes móður Bertels. Sú sögn hefur lifað í Skagafirði að Bertel Thorvaldsen hafi fæðst um borð í dönsku kaupfari, er beðið hafi eftir byr inni á Skagafirði, undir Málmey eða Þórðarhöfða síðla haust 1770.

